



Reykjavík, 19. Febrúar 2026
PON25050004

Efni: Heimild til að hefja vinnu við fasa 2 í verkefninu „Korta- og boðgreiðslur á Mínum síðum”

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að ráðstafa fjármagni til að hefja fasa 2 af verkefninu „Korta- og boðgreiðslur á Mínum síðum” sem snýr að því að tengja greiðsluferli úr umsóknarsmið Minna síðna við fjárhagskerfi borgarinnar. Verkefnið miðar að því að einfalda og flýta afgreiðslu umsókna, ásamt því að auka skilvirkni á ferlum innanhúss.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og búnaður PON, og tilheyrir verkefnaklasa 80014 Vöruþróun og stafvæðing ferla. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins eru 4 mánuðir og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 6,5 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatíma.

Gert er ráð fyrir að af heildarkostnaði verði 4,1 m.kr. varið í aðkeypta sérfræðiþjónustu, sem fellur undir verktakasamninga á vegum skrifstofu gagna og hugbúnaðarþróunar Reykjavíkurborgar, sem annast samningagerð og umsýslu. Eftirstöðvar kostnaðar eru vegna vinnu verkefnastjóra og starfsmanna í hugbúnaðarþróun.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík, 19. Febrúar 2026
PON25050004

Greinargerð:

Verkefnið felur í sér fasa 2 af verkefninu Korta- og boðgreiðslur á Mínum síðum. Markmið fasa 2 er að samþætta það greiðsluferli, sem smíðað hefur verið í umsóknarsmið Minna síðna, við fjárhagskerfi Reykjavíkurborgar og færsluhirði. Fasi 2 felur jafnframt í sér frekari greiningu á fleiri boðgreiðsluleiðum, áður en ákvörðun er tekin um útfærslu þeirra. Sérstök áhersla verður lögð á að greina flækjustig og kostnað sem snýr að tengingu boðgreiðslna við fjárhagskerfið.

Fasa 1 er lokið og fólst hann í þróun á sjálfvirku greiðsluferli innan umsóknarsmiðs Minna síðna, án tengingar við fjárhagskerfi og færsluhirði. Nauðsynlegt er að ráðast í fasa 2 til að tryggja að greiðslur og vörur bókist sjálfvirk á rétta kostnaðarstaði og bankareikninga. Með þessari samþættingu verður unnt að nýta greiðsluferlið með fullnægjandi hætti í umsóknum á Mínum síðum.

Notast verður við færsluhirði, sem uppfyllir allar viðurkenndar öryggiskröfur fyrir rafrænar greiðslur. Greiðslurnar munu tengjast inn í núverand fjárhagskerfi borgarinnar og jafnframt er tryggt að íbúar hafi aðgang að kvittunum í gegnum Mínan síður. Þá mun staðfesting greiðslu berast sjálfvirk í viðeigandi úrvinnslukerfi þar sem afgreiðsla viðkomandi umsókna fer fram.

Ávinningurinn af verkefninu er talinn verulegur. Fjárhagslegur ábati felst í aukinni hagræðingu og tímasparnaði starfsfólks, en áætlað er að sparnaður nemi um 2 m.kr. á ári, miðað við að 10 umsóknir nýti greiðsluferlið í upphafi. Reiknað er með að vanskil, sem nú eru á bilinu 5-10%, geti dregist saman um 10-30%, sem jafngildir verulegum fjárhæðum í tekjum borgarinnar. Þá er gert ráð fyrir að fyrirspurnum til þjónustuvers muni fækka, þar sem greiðsluferlið skapar aukið gagnsæi um greiðslur og stöðu umsókna, og dregur úr óvissu um afgreiðslutíma.

Verkefnið er skýr þáttur í stafrænni vegferð Reykjavíkurborgar og styður við markmið um skilvirkari ferla, skýrari upplýsingagjöf og bætta þjónustu við íbúa.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 6,5 m.kr. Kostnaðarstaður: 2102 (Áhöld, tæki og hugbúnaður). Verkefnaklasi: 80014 (Vöruþróun og stafvæðing ferla).

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir
skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga



Korta- og boðgreiðslur á Mínum síðum - Fasi 2

Eigandi: Bjarki Rafn Eiríksson,
skrifstofustjóri fjárstýringadeild FAS

Þarfagreining

- Fasa 1 í verkefni sem snýr að korta- og boðgreiðslum á Mínum síðum er lokið. Sjálfvirkt greiðsluferli, hefur verið smíðað í umsóknarsmið Minna síðna, næst er tenging við fjárhagskerfi.
- Mikil þörf er á tengingu við fjárhagskerfi Reykjavíkurborgar svo vörur og greiðslur bókist á viðeigandi kostnaðarstaði, svo unnt sé að nýta greiðsluferlið með fullnægjandi hætti í umsóknum á Mínum síðum.
- Tenging greiðsluferlis við fjárhagskerfið mun einfalda og flýta afgreiðslu umsókna, og auka skilvirkni innanhúss.
- Verkefnið felur jafnframt í sér frekari greiningarvinnu á ábata- og fýsileika á fleiri boðgreiðslumöguleikum til að styðja við aukna sjálfsafgreiðslu íbúa.

Áskorun

- Greiðsluferli í umsóknarsmið Minna síðna hefur verið útfært, án tengingar við fjárhagskerfi borgarinnar. Nauðsynlegt er að ráðast í Fasa 2 til að tryggja að greiðslur og vörur bókist á rétta kostnaðarstaði og bankareikninga.
- Greiningarvinna á fleiri boðgreiðsluleiðum er hafin en þörf er á frekari greiningu áður en útfærsla hefst

Markmið

- Tenging greiðslna við fjárhagskerfi borgarinnar og færsluhirði svo greiðslur og vörur úr greiðsluferli umsókna frá Mínum síðum bókist á réttan kostnaðarstað fyrir bókhaldið og réttan bankareikning fyrir afstemmingu
- Skilvirkari ferlar - Greiðsla berst um leið og umsókn er send inn
- Tímasparnaður - Fækka handtökum og tími starfsfólks betur nýtt í annað
- Betri upplýsingagjöf og bætt upplifun íbúa - íbúar fá kvittun með yfirliti um leið og greiðsla berst

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Beinn sparnaður metinn 2 m.kr. á ári
- Fækkun vanskila um 10-30%
- Einfaldari og styttri afgreiðsla, og aukin sjálfsafgreiðsla íbúa
- Fækkun fyrirspurna á þjónustuver
- Tímasparnaður við handskráningu og skilvirkari ferlar
- Bætt ímynd, starfsánægja, upplifun og þjónusta við íbúa

Tímalína

Janúar 2026 til og með apríl 2026

Kostnaður

Heildarkostnaður 6,5 m. kr.
Eignasjóður 6,5 m. kr.

Innkaup

Aðkeypt sérfræðipjónusta 4,1 m.kr. Eftirstöðvar vegna vinnu starfsmanna.

Vörustjóri: Dagrún Ósk Jónasdóttir

Verkefnastjóri: Ágústa Rós Árnadóttir

Stafrænir leiðtogar: Erna Kristjánsdóttir, Kristín Björg I Sverrisdóttir



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (03.03.2026)

Verkefnaráðsfundur: 12.02.2026

Korta og boðgreiðslur - Fasi 2

Samantekt:

Fasi 2 snýr að því að tengja greiðslur við fjármálakerfi Reykjavíkurborgar (Unit4) og tryggja að greiðsluflæði verði sjálfvirkt, öruggt og rekjanlegt í gegnum kerfin. Markmiðið er að skapa heildrænt ferli þar sem greiðslur sem fara í gegnum Mínar síður eru rétt skráðar, bókaðar og afstemmdar í fjármálakerfinu án handvirkra íhlutunar.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 6,5 m.kr.

Áætluð tímalengd verkefnis: 3,5 mánuðir

Skor í Fylki frá verkefnaráði PON: 3,33

Ábati 33%: 3

Helsti ábati verkefnisins felst í því að símhringingum í þjónustuver fækkar og draga mun úr vanskilum.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 3

Verkefnið mun einfalda upplýsingatækniinnviði með því að bæta greiðslukerfið með fleiri möguleikum á boðgreiðslum.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 4

Hefur mjög jákvæð áhrif á stóran hóp utan Reykjavíkurborgar en fremur lítinn hóp innan Reykjavíkurborgar.

Lagalegar kröfur – Nei

Lagaleg krafa er ekki fyrir hendi.

Virðingarfyllst,

Verkefnaráð

Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Korta- og boðgreiðslur á Mínum síðum

Fasi 2


Erna Kristjánsdóttir, stafrænn leiðtogi FAS

Kristín Björg Sverrisdóttir, stafrænn leiðtogi USK

Dagrún Ósk Jónasdóttir, vörustjóri Minna síðna

Ágústa Rós Árnadóttir, verkefnastjóri


Bjarki Rafn Eiríksson, eigandi verkefnis





Í hnotskurn

- Fasi 1 í verkefni sem snýr að korta- og boðgreiðslum á Mínum síðum er lokið. Sjálfvirkir greiðsluferli, hefur verið smíðað í umsóknarsmið Minna síðna, án tengingar greiðslna við fjárhagskerfi borgarinnar.
- Mikil þörf er á tengingu við fjárhagskerfi svo vörur og greiðslur bókist á réttan kostnaðarstað, til þess að greiðsluferlið nýtist í umsóknir á Mínum síðum.
- Tenging greiðsluferlis við fjárhagskerfið mun einfalda og flýta afgreiðslu umsókna, og auka skilvirkni innanhúss.
- Verkefnið felur jafnframt í sér frekari greiningarvinnu á ábata- og fýsileika á fleiri boðgreiðslumöguleikum til að styðja við aukna sjálfsafgreiðslu íbúa.





Ákvörðun verkefnaráðs

- Óskað er eftir fjármögnun uppá 6,5 m.kr. til að tengja greiðsluferli á Mínum síðum við fjárhagskerfi borgarinnar og fyrir frekari greiningarvinnu á fleiri boðgreiðsluleiðum.





Áskorun

Núverandi staða

- Fasi 1 lokið - Greiðsluferli í umsóknarsmið Minna síðna hefur verið útfært, án tengingar við fjárhagskerfið
- Greiningarvinna á fleiri boðgreiðsluleiðum er hafin en þörf er á frekari greiningu áður en útfærsla hefst

Markmið

- Greiðslur og vörur úr greiðsluferli umsókna frá Mínum síðum bókist á réttan kostnaðarstað fyrir bókhaldið
- Greiðslur úr greiðsluferli umsókna berist á réttan bankareikning fyrir afstemmingu
- Skilvirkari ferlar - Greiðsla berst um leið og umsókn er send inn
- Tímasparnaður - Fækka handtökum og tími starfsfólks betur nýtt í annað
- Betri upplýsingagjöf og bætt upplitun íbúa - Íbúar fá kvittun með yfirliti um leið og greiðsla berst

Lausn

- Setja upp tengingu við Teya svo greiðslur frá Mínum síðum berist á réttan bankareikning
- Útfæra tengingu við Unit4 svo greiðslur og vörur frá Mínum síðum bókist á réttan kostnaðarstað
- Uppfæra ákveðnar umsóknir USB í umsóknarsmið og bæta við greiðsluferli, þar sem við á
- Frekari greiningarvinna á fleiri boðgreiðsluleiðum þvert á svið borgarinnar

Lagaleg krafa til staðar: Nei



Umfangsmat

- Kostnaður Fasa 2 er **6,5 m.kr.** og tími er áætlaður **3,5 mán.**



Kostnaður mannauðs

Heild: 2,4 m.kr.

Á fjárfestingu:

- Teymisstjóri 469 þús.kr.
- Framendaforritari 844 þús.kr.
- Verkefnastjóri 938 þús.kr.
- Tæknistjóri 150 þús.kr.

Á rekstri:

- Vörustjóri

Teymið samanstendur af ólíkum stöðugildum í mismunandi starfshlutföllum, sjá næstu glæru

Aðkeypt þjónusta

Heild: 4,1 m.kr.

Verktakar í þróunarteymi MS:

- Framendaforritari 2 555 þús.kr.
- Bakendaforritari 2,78 m.kr.
- QA/Prófari 769 þús.kr.

Rekstrarkostnaður

Svið sem óskar eftir verkefni:
FAS og USK

Rekstrarkostnaður verkefnis mun falla undir rekstrarkostnað Minna síðna.

Sviðið gerir ráð fyrir að sækja aukið fjármagn í ramma ef af verkefninu verður **NEI**



Tímalína og kostnaður

Heildarkostnaður fyrir Fasa 2: **6,5 m.kr.**

Áætluð tímalína: **janúar–apríl 2026**, samhliða öðrum verkefnum á Mínum síðum.

Korta- og boðgreiðslur - Fasi 2					T1 2026					
	klst	Dagar	Samtals		Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní
Mínar síður teymi										
Hönnuður	0	0	-	starfsmaður						
FE forritari	90	11.25	843,750	starfsmaður						
FE forritari 2	24	3	555,000	erl. verktaki						
BE forritari	120	10.25	2,775,000	ísl. verktaki						
QA	82	12.5	768,750	erl. verktaki						
Teymisstjóri	50	6.25	468,750	starfsmaður						
Tæknistoð	16	2	150,000	starfsmaður						
Verkefnastjóri	100	12.5	937,500	starfsmaður						
		Samtals	6,498,750							



Ábatamat



Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 1 árs tímabil

Mælanlegur ábati

- Tímasparnaður 192,24 klst
- Fækkun vanskila 10-30%

Samtals:

- Áætlaður tímasparnaður fyrir 10 umsóknir hjá USK jafngilda 2 millj.kr. á ári

Kostnaður

- 6,5 millj.kr í heildarkostnað fyrir Fasa 2

Ómælanlegur ábati

- Bætt ímynd, starfsánægja, upplifun og þjónusta við íbúa
- Skilvirkari ferlar - Greiðsla berst um leið og umsókn er send inn
- Umsækjandi fær kvittun þannig minni þörf á að óska eftir reikningum frá sviðunum
- Minnkar óvissu um biðtíma og augljóst er hvað greitt er fyrir
- Tímasparnaður - Fækka handtökum og tími starfsfólks betur nýtt í annað
- Auðvelt að bæta við greiðsluferli í hvaða umsókn sem er

Samantekt á heildarávinningi

- Sjálfvirkt greiðsluferli í umsóknum á Mínum síðum.
- Fljótari afgreiðsla og minni biðtími fyrir umsækjendur.
- Tímasparnaður starfsfólks og minnkandi álag á þjónustuver.
- Verkefnið er náttúrleg framþróun í sjálfsafgreiðslu íbúa.
- Skýr þáttur í stafrænni vegferð.






Hvað er búið að gera

Greiðsluferlið – Fasi 1

- Vörulisti skilgreindur í Unit4
- Útfærsla á að sækja vörulista og verð úr Unit4 fyrir hverja og eina umsókn
- Birting á vörum í viðmóti umsókna
- Samningur við Teyu stofnaður fyrir greiðslur frá Mínun síðum

Fleiri boðgreiðslur – Fasi 1

- Fundur með sérfræðingum Unit4
- Hagsmunaaðilagreining





Næstu skref

Greiðsluferlið

- Setja upp tengingu við Teya
- Tengja greiðslur inn í Unit4
- Tæknilegar prófanir á öllum umsóknarferlum með greiðslu
- Prófanir og innleiðing með umsóknareigendum



Fleiri boðgreiðslur

- Fundur með hagsmunaaðilum
- Kortlagning núverandi þjónustu
- Greining á ábata og fýsileika
- Niðurstöðuskýrsla



Ákvörðun verkefnaráðs

- Óskað er eftir fjármögnun uppá 6,5 m.kr. til að tengja greiðsluferli á Mínum síðum við fjárhagskerfi borgarinnar og fyrir frekari greiningarvinnu á fleiri boðgreiðsluleiðum.





Reykjavík